



Outlook

Fwd: Fyrirspurn

From Atli Lilliendahl <atli@madeinland.is>
Date Thu 2025-06-26 17:38
To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Sæl Hulda.
Ég hef aldrei fengið viðbrögð við þessu erindi.
Kveðja

Atli Lilliendahl

Lager og Logistik

Made in Ísland

Sími: 770 6268

[Mail:atli@madeinland.is](mailto:atli@madeinland.is)

----- Forwarded message -----

Frá: **Atli Lilliendahl** <atli@madeinland.is>
Date: mán., 19. maí 2025 kl. 15:37
Subject: Fyrirspurn
To: <hulda@floahreppur.is>

Til Flóahrepps :

Við viljum kanna afstöðu Flóahrepps til veitingu gistileyfis B (leiga á heilu húsi / gestahúsi) í nýju íbúðarhverfi í Maríu, Huldu og Krækishólum. Við teljum það æskilegt að tekjumöguleikar íbúa á svæðinu verði ekki skertir. Auk þess eru tekjumöguleikar fyrir sveitarfélagið sem felast í hærri fasteignagjöldum, þar sem notkun eignarinnar breytist og verður flokkað sem atvinnuhúsnæði.

Kveðja Atli Lilliendahl og Ívar Atlason

3. gr.

Flokkar gististaða.

Flokkun gististaða tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar í mat og/eða drykk, áfengar og/eða óáfengar. Gististaðir flokkast nánar með eftirfarandi hætti, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Flokkur I:	Heimagisting.
Flokkur II:	Gististaður án veitinga.
Flokkur III:	Gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV:	Gististaður með áfengisveitingum.

4. gr.

Tegundir gististaða.

Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum. Hver einstök tegund gististaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk gististaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um:

- a. *Hótel*: Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi.
- b. *Stærra gistiheimili*: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- c. *Minna gistiheimili*: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- d. *Gistiskáli*: Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
- e. *Fjallaskálar*: Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.
- f. *Heimagisting*: Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.
- g. *Íbúðir*: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.
- h. *Frístundahús*: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin.